

Nefndasvið Alþingis
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 25. febrúar 2022
Tilvísun: 202202-0017
SS/ELF

Efni: Tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 332 mál.

Vísað er í tölvupóst frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 11. febrúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 370. mál.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um tillögu til þingsályktunar um sama mál þegar það var lagt fram á 151. þingi, þann 9. febrúar 2021.

https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/tillaga_til_thingsalyktunar_um_aetlun_um_vernd_og_orkunytingu_landsvaeda_370_mal.pdf

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við þá virkjunarkosti sem settir eru í verndarflokk eða biðflokk skv. tillögunni sem nú er til umsagnar.

Náttúrufræðistofnun hefur áður gert athugasemdir er varða virkjunarkosti í orkunýtingarflokk m.a. athugasemdir við breytingar á flokkun virkjunarkosta og mat á gæðum gagna sem eiga enn við að mati Náttúrufræðistofnunar.

Mat á gæðum gagna, des. 2015: <https://www.ramma.is/media/gaedi-gagna/Umsogn-NI-gaedi-gagna-RA3-2016.pdf>

Austurengjar, mál 207:

https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/tillaga_til_thingsalyktunar_um_aetlun_um_vernd_og_orkunytingu_landsvaeda_207_mal.pdf

Hvammsvirkjun, mál 244:

https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/tillaga_til_thingsalyktunar_um_vernd_og_orkunytingu_landsvaeda_244_mal_hvammsvirkjun.pdf

Breytingartillögur, mál 244:

https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/thingsalyktun_um_aetlun_um_vernd_og_orkunytingu_landsvaeda_og_breytingartillogur_thar_vid_244_mal.pdf

Verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar afhenti umhverfis- og auðlindaráðherra tillögur sínar að flokkun virkjunarkosta þann 26. ágúst 2016. Ýmislegt hefur breyst á þeim tíma sem liðinn er m.a. staða þekkingar og forsendur fyrir mati á verndargildi landsvæða og náttúruminja. Til




dæmis má nefna að Náttúrufræðistofnun Íslands lagði árið 2018 fram tillögur um verndarsvæði á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár þar sem lögð var áhersla á verndun lykilsvæða fyrir fugla, vistgerðir og jarðminjar. Á meðfylgjandi korti má sjá að þegar landupplýsingaþekjur faghóps 1 í 3. áfanga rammaáætlunar eru bornar saman við tillögur Náttúrufræðistofnunar fyrir B-hluta náttúruminjaskrár er töluverð skörun milli landsvæða í orkunýtingarflokki og biðflokki og svæða með hátt náttúruverndargildi.

Einnig má benda á að Vatnajökulsþjóðgarður varð heimsminjasvæði UNESCO árið 2019 og að nýlegar rannsóknir á náttúrufari Drangajökulssvæðisins styðja við hátt mat á verndargildi svæðisins.

Virðingarfyllst,



Eydís Línal Finnbogadóttir
Forstjóri



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

